| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Baldvin Ringsted | **Sk.st.** | BAR |

**Áfangalýsing:** Unnið með vísindatengt efni á ýmsan máta. Verkefni, þýðingar, kynningar-verkefni ofl. Nemendur gera stíla og þýðingarverkefni, unnið með málfræði, t.d. orðflokka, orð af erlendum uppruna o.s.frv. Ein skáldsaga er lesin og krufin til mergjar. Tæpt á nokkrum hugtökum úr bókmenntafræði.

**Markmið:** Að auka akademískan orðaforða á sviði vísinda og ýmissa fræða og að auka færni nemenda í framsetningu og skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Námsgögn:** *Echoes of English 423* útg. 2015 (skrifstofa) og *Carrie,* e. Stephen King, allar óstyttar útgáfur (Bókabúðir).

**Áætlun um yfirferð:** Eftir miðja önn flytja nemendur kynningu á viðfangsefni sem tengist lesefni áfangans. Að öðru leyti verður um jafna yfirferð að ræða á skáldsögu og köflum og verkefnum úr leshefti.

**Verkefni:**

Nemendur skila verkefnum úr skáldsögu, stílum og orðaforðaverkefnum úr lesköflum, vinna vefæfingar í málfræði og flytja munnlega kynningu á völdu sérverkefni.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| **Námsþáttur** | **Vægi %** | **Nánar** |
|---|---|---|
| Verkefni úr *Carrie* | 10% | 5 próf/verkefni, 4 bestu gilda til einkunnar. |
| Kynningarverkefni | 15% | Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni. Jafningjamat. |
| Þátttökueinkunn | 10% | Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað sem nemendur gera heima og í kennslustundum. |
| Kaflapróf | 50% | Fjögur kaflapróf, 3 bestu gilda til einkunnar. |
| Munnlegt próf | 15% | Tekið í síðustu kennsluviku. |
| Samtals | 100 % | |

**Áætlun um yfirferð í lotum sem innihalda u.þ.b. 12 kennslustundir hver.**

**Lota 1**
Lesnir kaflar 1 og 2 í leshefti, unnið með málfræði- og orðaforðaatriði. Unnið með eitt þema. Kaflapróf 1.

**Lota 2**
Lesnir kaflar 3 og 4 í leshefti, unnið með málfræðiatriði. Umfjöllun um skáldverk hefst og fyrsta verkefnið unnið. Unnið með eitt þema. Kaflapróf 2.

**Lota 3**
Lesinn kafli 5 í leshefti. Áfram unnið með málfræði og málnotkun. Lestur skáldsögu heldur áfram og verkefni númer 2 lagt fyrir. Unnið með eitt þema.

**Lota 4**
Kafli 6 í leshefti tekinn fyrir auk málfræði- og orðaforðaverkefna. Verkefni 3 í skáldverki lagt fyrir að lokinni viðeigandi yfirferð. Undirbúningur hafinn að vinnslu kynningarverkefnis. Kaflapróf 3.

**Lota 5**
Lesnir kaflar 7 og 8 auk viðeigandi verkefna. Skáldsöguverkefni 4 tekið fyrir og nemendur kynna valið viðfangsefni. Unnið með eitt þema. Kaflapróf 4.

**Lota 6**
Lesinn kafli 9 og verkefni unnin úr leshefti. Lokaverkefni skáldsögunnar lagt fyrir. Umræður og upprifjun. Kaflapróf fyrir þá sem hafa misst af 2 kaflaprófum. Munnlegt próf.

Nemendum **ber að skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur nema við sérstakar aðstæður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5. Nemandi sem missir af 2 kaflaprófum skal taka aukapróf í síðustu lotu. Nemandi sem missir af 3 eða 4 kaflaprófum skal taka próf úr öllu efninu í síðustu kennsluviku. Ekki verður boðið upp á sjúkrapróf í kaflaprófum.
**Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.**
**Birt með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** | **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**